



Starfshópur um hringrásarhagkerfið

Fundargerð.

1. fundur starfshóps Grímsnes- og Grafningshrepps um hringrásarhagkerfið var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, fimmtudaginn 22. september 2022 kl. 17.⁰⁰ e.h

Fundinn sátu:

Steinar Sigurjónsson, formaður

Ása Valdís Árnadóttir

Ragnheiður Eggertsdóttir

Guðmundur Finnbogason

Henning Leon Guðmundsson

Iða Marsibil Jónsdóttir boðaði forföll

Snjólfur Ólafsson boðaði forföll

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Steinar Sigurjónsson.

1. Yfirferð um innihald laganna.

Formaður hópsins fór yfir þau verkefni sem snúa að sveitarfélaginu hvað varðar innleiðingu nýrra laga um hringrásarhagkerfi sem taka gildi 1. janúar n.k. Farið var yfir stöðu einstakra þátta og fóru fram umræður um mögulegar lausnir á ýmsum áskorunum sem sveitarfélagið stendur frammi fyrir.

Varðandi sérsöfnun á textíl kom upp sú hugmynd að kanna samstarf við Rauða krossinn og Græna skáta um mögulega söfnun á textíl á grenndarstöðvum og var formanni falið að koma því samtali af stað.

Ákveðið var að kanna kostnað og möguleika á því að skipta út lokum á tunnum sem staðsettar eru við heimili til þess að þau samræmist betur nýjum flokkunarkerkingum.

Talsvert var rætt um mögulegar útfærslur á gjaldtöku þegar kemur að innleiðingu „Borgað þegar hent er“ (BPHE) kerfisins, bæði hvað varðar heimili og frístundahús. Það er ljóst að fara verður einhverskonar rúmmálsleið þegar kemur að hvoru tveggja þar sem vigtun virðist ekki vera raunhæfur valkostur enn sem komið er. Formanni falið að taka saman tölur og setja upp mögulegar sviðsmyndir til þess að ræða á næsta fundi.

Aðeins var komið inn á gjaldtöku á gámasvæði og hvort að mögulega þurfi að breyta henni eða fjölga úrgangsflokkum sem rukkað er fyrir. Umræðu um gámasvæðið annars frestað til næsta fundar.

2. Ráðstefna um hringrásarhagkerfið

Kynnt var fyrirhuguð ráðstefna Umhverfisstofnunar og Samtaka íslenskra sveitarfélaga, „Samtaka um hringrásarhagkerfi – réttur farvergur til framtíðar“ sem haldin verður þann 7. október n.k. á Grand Hótel í Reykjavík. Samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar er öllum fulltrúum starfshópsins gefinn kostur á að sækja ráðstefnuna fyrir hönd sveitarfélagsins.



Starfshópur um hringrásarhagkerfið

3. Næstu fundir starfshópsins

Rætt var um næstu fundi starfshópsins og hverju vinnan ætti að skila. Ákveðið að næsti fundur verði þriðjudaginn 18. október og að þar verði farið betur yfir mögulegar leiðir í gjaldtöku í samræmi við BPHE.

Ekki fleira tekið fyrir og fundið slitið kl. 18:35